Umsögn Félags stjórnenda í framhaldsskólum um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (skipulag náms og námslok)

Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS) þakkar fyrir að hafa verið boðið sérstaklega að leggja fram umsögn um frumvarpsdrögin. Félagið fagnar því að samráð við stjórnendur framhaldsskóla hafi verið aukið frá fyrri stigum málsins. Þau álitaefni sem frumvarpið fjallar um koma ekki síst til kasta félagsfólks FS.

Félagið fagnar því jafnframt að tekið hafi verið tillit til ábendinga þess í umsögn um áform um lagasetningu. Í stað þess að innleiða nýja tegund námsloka er nú lagt til að útfæra starfsmiðað nám innan ramma framhaldsskólaprófs. Það er í samræmi við þá afstöðu FS að lýsing nýrra námsloka í áformunum hafi verið mjög ábekk þeim möguleikum sem þegar felast í framhaldsskólaprófi. Félagið telur þetta til bóta.

Félagið bendir þó á að í greinargerð frumvarpsins er viðurkennt að bæði lög og aðalnámskrá geri nú þegar ráð fyrir sveigjanlegu og einstaklingsmiðuðu framhaldsskólaprófi. Félagið telur því enn að eðlilegra væri að útfæra starfsmiðaða áherslu framhaldsskólaprófs í aðalnámskrá fremur en með lagabreytingu.

Að öðru leyti telur félagið að frumvarpið sé hvorki nægilega rökstutt né fjármagnað og að sömu annmarkar séu á því og á áformunum.

Kostnaður og fjármögnun

Í frumvarpsdrögunum liggur ekkert mat fyrir á kostnaði, fjárþörf eða áhrifum á rekstur framhaldsskóla, og kafli um mat á áhrifum er enn í vinnslu. Frumvarpið felur engu að síður í sér nýjar skyldur og aukna stjórnsýslu fyrir skóla. Má þar nefna mat og samþykki á námi innritaðra nemenda við aðra skóla, eftirlit með námsálagi og yfirsýn yfir námsferil nemenda. Þá er ekki fjallað um hvort eða hvernig það að fella brott skilyrði um samninga við ráðherra um námsbrautir fyrir fatlaða nemendur hafi áhrif á fjármögnun þeirra.

Án skýrrar fjármögnunar er hætt við að kostnaður og framkvæmdarbyrði falli á skóla sem þegar búa við afar þröngan fjárhagsramma. Félagið telur nauðsynlegt að raunhæft kostnaðarmat og trygg fjármögnun liggi fyrir áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi.

Gildistaka

Samkvæmt frumvarpinu eiga lögin að öðlast gildi við samþykkt. Í áformum um lagasetningu var hins vegar gert ráð fyrir hæfilegum aðlögunartíma fyrir framhaldsskóla, enda kalla breytingarnar

á aðlögun námsframboðs, námskráa og verklags. Félagið leggur ríka áherslu á að skólum verði veittur fullnægjandi aðlögunartími.

Fjarnám

Félagið telur enn ekki hafa verið sýnt fram á að lagabreytingar séu nauðsynlegar til að tryggja gæði og samræmi í framkvæmd fjarnáms. Í greinargerð kemur raunar fram að framhaldsskólum sé þegar heimilt að bjóða nám í fjarnámi samkvæmt 4. mgr. 45. gr. laganna.

Í áformunum kom fram að breytingar varðandi fjarnám yrðu háðar frekari greiningu á núverandi framkvæmd. Slík greining liggur hvorki fyrir í frumvarpsdrögunum né mat á áhrifum þeirra takmarkana sem nú eru lagðar til. Takmarkanirnar eru lögfesting staðnáms sem meginreglu og reglan um að nemandi geti aðeins verið innritaður í einum skóla. Þær geta haft veruleg áhrif á starfsemi skóla sem bjóða fjarnám og á möguleika nemenda til að ljúka námi. Þá er óljóst hvernig staðið verður að framkvæmd 3. gr. í reynd og hver ber ábyrgð á þeirri yfirsýn sem henni er ætlað að tryggja.

Verði ráðist í setningu reglugerðar um fjarnám leggur félagið áherslu á að hún verði unnin í nánu samráði við stjórnendur framhaldsskóla og að fjármagn fylgi.

Greining á þörf og áhrifum

Í greinargerð er vísað til þess að framhaldsskólaprófið hafi ekki nýst sem skyldi og að skort hafi yfirsýn yfir nemendur í fjarnámi. Ekki fylgja þó gögn eða greining sem styðja þær fullyrðingar eða skýra hvers vegna markmiðum verði ekki náð með útfærslu í aðalnámskrá eða reglugerðum á grundvelli gildandi laga. Þá liggur ekki fyrir hvernig starfsmiðað framhaldsskólapróf mun nýtast nemendum til frekara náms eða á vinnumarkaði. Slíkt þarf að liggja fyrir áður en ráðist er í breytingar á lögum.

Samráð

Í samráðskafla greinargerðar segir að umsagnir um áform um lagasetningu hafi almennt verið jákvæðar. Umsögn FS var gagnrýnin og félagið óskar eftir því að í endanlegri greinargerð verði gerð réttmæt grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram komu í umsögnum.

Stefnumótun til framtíðar

Að lokum lýsir félagið vonbrigðum með að ráðist sé í breytingar á lögum um framhaldsskóla án þess að hugað hafi verið að stefnumótun fyrir skólastigið til framtíðar. Gildandi lög eru frá árinu 2008 og samfélagið hefur tekið stakkaskiptum á þeim átján árum sem liðin eru frá gildistöku þeirra. Má í því sambandi nefna lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, og þær miklu breytingar sem eru að verða á skólastarfi með tilkomu mállíkana og gervigreindar. Félagið telur því ljóst að þörf sé á heildstæðri stefnumótun í málefnum framhaldsskólastigsins.

Félagið telur mikilvægt að stigin verði stór og markviss skref til að laga framhaldsskólastigið að breyttu samfélagi. Vinna við þróun lagaramma skólastigsins þarf að fara fram í fullu samráði við þá sérfræðinga sem sinna málefnum framhaldsskólans dag frá degi, hvort sem þeir gegna stjórnunarstörfum eða sinna kennslu. Jafnframt þarf að kalla fulltrúa nemenda og foreldra að borðinu. Félagið leggur ríka áherslu á að vandað verði til samráðsins og að það hefjist strax í upphafi vinnunnar. Samráðið þarf að fela í sér raunverulega aðkomu hagaðila en ekki einungis kynningu á ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar.

Félagið lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi samráðs og samstarfs við ráðuneytið um málið.

Reykjavík, 20. október 2026

Fh. Félags stjórnenda í framhaldsskólum

Anton Már Gylfason

Formaður